

# Innkaupastefna

Það er stefna Hvalfjarðarsveitar:

## gr. 1.

Að við innkaup hjá Hvalfjarðarsveit sé þess gætt að lögum og reglum er varða opinber innkaup sé framfylgt. Meginmarkmið er að stuðla að vönduðum og hagkvæmum innkaupum og tryggja gæði vöru, þjónustu og verka sem sveitarfélagið kaupir. Stuðla skal að því að sveitarfélagið hagi innkaupum sínum í samræmi við góða viðskiptahætti og tryggja að stjórnvísla sveitarfélagsins á sviði innkaupa sé í samræmi við vandaða stjórnvíslyhætti. Þess skal gætt að við innkaup að ákvæðum laga og reglna er varða innkaup sé fylgt í hvívetna.

## gr..2.

Að gætt sé jafnræðis gagnvart þeim aðilum sem viðskipti eiga við Hvalfjarðarsveit. Að beitt sé markvissum og skipulögðum vinnubrögðum við innkaup og með þeim stuðlað að hagkvæmni í rekstri og framkvæmdum.

## gr. 3.

Að reglur er varða, innkaupaaðferðir og innkaupareglur séu skýrar og gagnsæjar. Innkaupaaðferðir: Við innkaup sveitarfélagsins skulu eftirfarandi innkaupaaðferðir notaðar: Útboð, opið eða lokað, og samningur/pöntun í kjölfarið. Fyrirspurn og samningur/pöntun í kjölfarið. Samningur eða pöntun án undangengins útboðs eða fyrirspurnar. Innkaup samkvæmt rammasamningi eða afsláttarsamningi.

## gr. 4.

Að stuðla að fremsta megni að samkeppni varðandi sölu á vörum, verkum og þjónustu til Hvalfjarðarsveitar. Lögð er áhersla á að beitt sé markvissum og skipulögðum vinnubrögðum við innkaup.

Leiðarljósið sé að gæta hagkvæmni í rekstri og framkvæmdum. Með hugtakinu innkaup er átt við kaup á hvers kyns aðföngum, þ.e. kaup á þjónustu, vörum og verklegum framkvæmdum. Samningar um rannsókn og þróun á þjónustu teljast ekki til innkaupa samkvæmt þessu.

gr. 5.

Ábyrgð á innkaupum er á hendi viðkomandi forstöðumanni. Hann ber ábyrgð á að við innkaup sé beitt útboðum að eins miklu leyti og unnt er og hagkvæmt þykir. Að samræma innkaup fyrir einstakar stofnanir að svo miklu leyti sem mögulegt er. Að við innkaup sé auk kostnaðar tekið tillit til gæða- og umhverfissjónarmiða. Að ábyrgð á að innkaup séu í samræmi við lög og reglur og sé á hendi viðkomandi stjórnenda. Lög og reglur um innkaup Innkaupareglum skal fylgt við öll innkaup sem og lögum um framkvæmd útboða nr. 65/1993 og lögum um opinber innkaup nr. 84/2007 þar sem við á.

gr. 6.

Við öll innkaup hjá Hvalfjarðarsveit er lögð áhersla á umhverfissjónarmið. Það er t.d. gert með því að taka tillit til endingar, orkunotkunar og endurnýtingarmöguleika. Kaupa skal frekar þá vöru sem merkt er með Norræna umhverfismerkinu (Svaninum), umhverfismerki Evrópusambandsins, eða öðrum viðurkenndum umhverfismerkjum.

gr. 7.

Stuðlað skal að því að samræma innkaup fyrir einstakar stofnanir svo sem frekast er kostur.

gr. 8.

Stuðla skal annars vega að eðlilegri...i samkeppni í viðskiptum og jafnframt skal gæta Jafnræðis þess gætt við tilboðsöflun.

gr. 9

Að beita sér fyrir því að fyrirtæki sem Hvalfjarðarsveit er meðeigandi að gæti þeirra sjónarmiða sem felast í innkaupastefnu og innkaupareglum Hvalfjarðarsveitar.

Hvalfjarðarsveit í febrúar 2011..